

## Opinn skógur


Opinn skógur er samstarfsverkefni skógræktarfélöganna, Olís, Pokasjóðs og Sjóvá Fjármögnunar. Markmið verkefnisins er að opna skógræktarsvæði þar sem aðstaða og aðgengi verður til fyrirmynadar. Lögð er áhersla á upplýsingar, þannig að gestir fræðist um lífríki, náttúru og sögu viðkomandi svæðis.

Með öflugum stuðningi - Olís, Pokasjóðs og Sjóvá Fjármögnunar - opnast spennandi áningarsvæði fyrir almenning.

### GÖNGUM VEL UM GRÓIÐ LAND



Skógræktarfélag Íslands, Skúlatúni 6, 105 Reykjavík  
sími 551-8150, skog@skog.is, www.skog.is



## Hofsstaðaskógar

### Skógræktarfélag Heiðsynninga

Hofsstaðaskógar er skógræktarsvæði Skógræktarfélags Heiðsynninga en skógrækt hófst hér árið 1956. Skógarinn er úr landi Hofsstaða í Miklaholtshreppi, en Eggert Kjartansson, þáverandi bóndi á Hofsstöðum, afhenti Skógræktarfélagi Heiðsynninga þetta land af mikilli framsýni til skógræktar í kjólfar stofnunar félagsins.

Árangur ræktunarinnar hefur komið á óvart en trjágróður hefur dafnað betur hér í skóginum en nokkur þorði að vona. Skóga sem þennan má því örugglega rækta viða hér á sunnanverðu Snæfellsnesi. Sitkagreni og blágreni eru þær trjátegundir sem best hafa reynst.

Hofsstaðaskógar er í alfara leið og tilvalinn áningarstaður til að slaka á um stund og fara í lengri eða skemmti gönguferðir, um skógarstiga í ró og næði.

Skógræktarfélag Heiðsynninga er öflugur félagsskapur áhugafólks um skógrækt og gróðurvernd á sunnanverðu Snæfellsnesi. Félagið var stofnað árið 1952 og hefur starfað óslitið síðan. Bætt aðgengi almennings að skóglendum félagsins hefur lengi verið eitt aðal markmið félagsins.

### Velkomin í skógin

-----	Girðing	i	Upplýsingar	P	Bilastæði
-----	Kurllagður stigur (400m)	Ū	Útsyni	Ū	Bekkur
-----	Stigur (700 m)	Ū	Útsýnisskifa	Ū	Borð og bekkir
-----	Bilastæði	L	Ljóðarjóður	L	Trjásafn
-----	Pú ert hér				

